

REGLUR

um (3.) breytingu á reglum nr. 213/1999 um ferðakostnað sjúkratryggðra sjúklinga og aðstandenda þeirra innanlands.

1. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þurfi umsækjandi um örorkulífeyri eða endurhæfingarlífeyri að takast á hendur ferð til að mæta í viðtal eða skoðun vegna færnimats, örorkumats eða mats á endurhæfingarmöguleikum sem Tryggingastofnun ríkisins telur nauðsynlegt að fari fram, er heimilt að endurgreiða ferðakostnað samkvæmt ákvæðum 3. gr.

2. gr.

4. mgr. 6. gr. orðast svo:

Ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt 2. og 3. mgr. skal að jafnaði liggja fyrir áður en ferð er farin nema um bráðatilvik sé að ræða.

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru af tryggingaráði á grundvelli staflíðs í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. og 3. mgr. 36. gr. sömu laga, staðfestast hér með og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. júní 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.